



Slow Food® Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2021

Tilvísun: Umsókn Orf Líftækni um leyfi til ræktunnar á erfðabreyttu byggi utandyra í rannsókn- og tilraunaskyni í landi Landgræðslunnar

Athugasemd við leyfistillögu sem Umhverfisstofnun leggur til á heimasíðu sinni

(<https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/Leyfistillaga.pdf>)

Slow Food Reykjavík vil taka fram að umsögnin sem var send varðandi leyfisveitingu þessa, er fullgild enn og þessar athugasemdir breyta í engu okkar afstöðu um að öll ræktun erfðabreyttra plantna, hvað þá sem innihalda stofnfrumubætti („*molecular farming*“), eigi að fara fram í lokuðu umhverfi („*confined*“). Við viljum benda á alvarlega bresti í leyfistillögunni sem veikja mjög forsendur fyrir henni.

1. Lagalegar og stjórnsýslulegar forsendur

1.1 *Rekstraraðili Leyfi þetta gildir fyrir ORF Líftækni hf., kt: 420201-3540, til sleppingar á erfðabreyttum byggplöntum (*Hordeum vulgare*) í rannsókn- eða þróunarskyni, eða í öðrum tilgangi en til markaðssetningar, í Gunnarsholti á Rangárvöllum, 851 Hellu Rangárþingi ytra. Félagið ORF Líftækni hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili. Rekstraraðili getur falið landeiganda að annast verk fyrir sig skv. fyrirbyggjandi samstarfssamningi, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum leyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á sínu starfssviði.*

Hvaða lagalegar og stjórnsýslulegar forsendur eru fyrir því að einkafyrirtæki feli ríkisstofnun (sem verður þá undirverktaki) verk og þarmeð ábyrgð í viðkvæmu verkefni? Hvaða ákvæði í stjórnsýslulögum opnar fyrir þessa möguleika? Óska eftir nákvæmri tilvísun í lög.

2. Gerð er alvarleg athugasemd við grein 1.2 í tillögunni:

1.2 *Umfang starfseminnar Rekstraraðila er heimilt að rækta tilkynnta stofna erfðabreyttra byggplantna (*Hordeum vulgare*) utandyra í sértilgreindum ræktunarreit í Gunnarsholti. Ræktunarreitir skal að hámarki vera 50.000 m². Stofnar eða yrki erfðabreyttra byggplantna sem heimilt er að rækta eru; Golden Promise, Kola, Conlon, Risö, Austenson, Kría, Teista og Smyrill. Leyfið er veitt skv. IV. kafla laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og 4. gr. reglugerðar nr. 728/2011 um um sleppingu eða dreifingu og markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og fellur útiræktunin undir III. kafla reglugerðarinnar sleppingar erfðabreyttra lífvera út í umhverfið í öðrum tilgangi en til markaðssetningar.*

Samkvæmt umsókn Orf Líftækni, er farið fram á að ræktunarreitinn sé á fyrsta ári 2000 fm, sem verður stækkað upp í hámark 50 000 fm (5 hektara land) árið 2026. Það er augljóst að 50 000 fm „reit“


flokkast ekki lengur undir tilraunareिताheiti þegar byggplöntur eiga í hlut, hægt hefur verið að rækta þessi byggyrki á mun minni reit þegar Orf fékk fyrsta leyfið frá Umhverfisstofnun. **Engin ræktun erfðabreyttra plantna í tilraunaskyni í löndum Evrópusambandsins eða Evrópsku Efnahagssvæðisins hefur farið fram á svo stóru landi. Við teljum því ekki forsendur fyrir leyfinu m.v. þau alþjóðlegu viðmið sem birtast í öðrum leyfum sem veitt hafa verið.**

Björn Örvar, rannsóknarstjóri Orf Líftækni, lýsti því yfir á kynningarfundum Umhverfisstofnunar að engin vísindaleg rök lægi á bakvið þessa umsókn til að rækta erfðabreytt bygg **utandyra** og þar með hljóta að vakna spurningar um umfang og tilgang ræktunnar skv. umsókninni.

3. Gerð er sömuleiðis alvaræg athugasemd við grein 3.5 í tillögunni:

*2.5 Takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera Hefta skal útbreiðslu erfðabreyttra byggplantna samkvæmt sérstakri viðbragðsáætlun sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 728/2011 sem skal endurskoða reglulega. Miða skal við að tryggt sé að engin áhrif séu á lífríki utan ræktunarsvæðis. Aðrir byggakrar í Gunnarsholti skulu vera í a.m.k. 300 m fjarlægð frá ræktunarsvæði erfðabreyttra byggplantna. Ræktunarsvæði erfðabreyttra byggplantna skal hafa 10 m varnarsvæði fljótsprottinna hafra (t.a.m. Avena sativa) sem hindrun fyrir dreifingu frjókorna og **vörn gegn afráni andfugla. Yfir ræktunarsvæði skal strengja línur til að fæla frá hugsanlegar fuglakomur.** Ræktunarsvæði skal einnig **afmarkað með rafgirðingu** og merkt þannig að óviðkomandi sé bannaður aðgangur. Svæðið skal látið standa óhreyft í tvö sumur, árin 2026 og 2027, eftir að útiræktun líkur áður en heimilt er að nýta svæðið til annarrar ræktunar en heimiluð er í þessu leyfi.*

Við teljum ógjörning að verja svo stórt svæði með línunum, og nær óframkvæmanlegt væri að setja net á svo stóran reit, en í síðustu tilraun voru netin rífin og tætt. Þessi staðreynd undirstrikar það hversu vonlaust það er að verja fugla gagnvart útiræktun af slíku umfangi, en áhrif á heilsu þeirra eru órannsökuð með öllu.



Dominique Plédel Jónsson
f.h. Slow Food í Reykjavík